

Fundur haldinn kl. 15:00 í Laugargerðisskóla 10. mars 2019.

Mætt voru: Katrín Gísladóttir, Sigurbjörg Ottesen, Ingveldur Eiríksdóttir, Sigurður Jónsson, Kristján Magnússon og Veronika G. Sigurvinsdóttir.

Katrín setti fund, bauð fundarmenn velkomin og gaf Ingveldi orðið um skólastarfið.

- Ingveldur sagði skólastarf hafa gengið vel í vetur og það verið með hefðbundnu sniði. Vinnustofur 5 – 10 bekkjar hafa tekist vel og er almenn ánægja með þær. Sótt var um styrk til endurmenntunarstofu til að byggja upp vinnustofurnar, á eftir að koma í ljós hvort styrkurinn fáist.
- Ingveldur fór yfir starfsmannamál. Ófyrirséð veikindi verið innan starfsmannahópsins sem hafa verið leyst innan veggja skólans. Að öðru leyti allt með svipuðu sniði.
- Samningur var gerður við Tónlistarskóla Snæfellsbæjar, kennari frá þeim kemur einu sinni í viku og er með tónlistarkennslu. Það eru 11 nemendur sem stunda tónlistarnám í hálfu námi. Mjög vel heppnað og almenn ánægja með fyrirkomulagið.
- Leikskólinn gengur vel. Herdís Þórðardóttir er deildarstjóri og hefur með sér Sigríði Jónu Sigurðardóttur og Ingu Dóru Sigurbjörnsdóttur. Málþroskapróf / skimunarpróf eru tekin reglulega í leikskólanum og í framhaldi foreldrafundir 2svar á vetri. Ingveldur sagði að sú framkvæmd að flytja leikskólann inn í aðalbygginguna hefði heppnast mjög vel og skapað mikla möguleika, bæði fyrir leikskólaborn- yngri nemendur og starfsfólk.
- Haldið var málþing í lok nóvember þar sem nemendur fengu að segja skoðun sína á skólabragnum. Kom þar í ljós að yngri nemendur eru mjög ánægðir með frístundina. Almennu eru nemendur ánægðir með fámennið og sinn skóla en vilja gjarnan meiri samvinnu við aðra skóla og þá helst Lýsuhólsskóla sem þau finna sammerki með. Ingveldur fór í kjölfarið ásamt fulltrúa foreldrafélagsins á fund við skólastjóra og fulltrúa foreldrafélagsins þar. Til stendur að fjölga samverudögum og að sama skapi verður hægt að bjóða uppá meiri fjölbreytileika.
- Formleg vetrarfrí voru í fyrsta sinn í vetur. Ingveldur telur að þetta hafi komið vel út. Nemendur fá þessa daga á löngum dögum sem ætlaðir eru til óhefbundins starfs og eru því að fá áætlaða kennsludaga yfir árið eins og vera ber.
- Nemendur skólans fóru bæði í ferð að Laugum og að Reykjum. Báðar þessar ferðir voru vel heppnaðar.
- Skólinn hefur aukið svigrúm í tölvuvinnslu og er nú komið í gagnið stafræn sköpunarmiðja með mörgum mismunandi stærðum af tölvum, allt frá smátölvum uppí stærri tölvur. Þrívíddaprentari sem skólinn á hefur einnig verið tekinn í gagnið. Þetta virkar mjög áhugavert. Það er Sigurður Jónsson sem heldur utanum þessa

smiðju. Rætt um nauðsyn þess að gera þessi verkefni sýnileg útí nærsamfélagið þannig að fólk viti hvað er að gerast innan veggja skólans.

- Foreldrafélag skólans hefur staðið sig vel og fulltrúar þess verið dugleg að vera skólanum innan handar við ýmsar upptakur sem til falla.
- Framundan er árshátíðarundirbúningur. Fúsi froskagleypir verður settur upp að þessu sinni með aðkomu allra nemenda og starfsmanna skólans á einn eða annan hátt. Árshátíðin verður 30. mars nk. Skólaslit verða 27. maí.
- Ingveldur lagði til að næsti fundur yrði haldinn fyrir sauðburð en þá á að liggja fyrir skóladagatal fyrir næsta skólaár, starfsmannamál og fleira gagnlegt.
- Katrín óskaði eftir að nefndarfólk tæki með smá huglæga heimavinnu með sér heim, leggjum fyrir okkur hvert við viljum að skólinn stefni á næstu 5 – 7 árum. Þarna horfum við til styrkleika, veikleika – tækifæra og ógnana svo eitthvað sé nefnt.
- Kristján og Sigurður viku af fundi sem áheyrnarfulltrúar og tekið var fyrir trúnaðarmál sem fært er í þartil gerða trúnaðarbók.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Veronika G. Sigurvinsdóttir ritaði fundargerð.